**Minnihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar kærir ákvörðun Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna framkvæmda við Kaplakrika**

**Almennt:** Tölvupóstur
Málsnúmer: SRN18080045
Málalyklar: 4.12.0
Eigandi skjals: Brynjólfur Hjartarson
Staða: Lokið
**Dagsetningar:**
Búið til: 21.08.2018
Dagsetning skjals: 21.08.2018

**Upplýsingar um viðskiptavin:**
Netfang: "Adda María Jóhannsdóttir" <addamaria@hafnarfjordur.is>

---

Notandi: "Adda María Jóhannsdóttir" <addamaria@hafnarfjordur.is>
Dagsetning: 21.8.2018 15:32:06
Til: "Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið" <srn@srn.is>, "Hermann Sæmundsson" <hermann.saemundsson@srn.is>
Afrit til: "Sigrún Sverrisdóttir" <sigrunsv@hafnarfjordur.is>, "Guðlaug Kristjánsdóttir" <gudlaugk@hafnarfjordur.is>, "Jón Ingi Hákonarson " <jonh@hafnarfjordur.is>, "Friðþjófur Helgi Karlsson" <fridthjofurk@hafnarfjordur.is>
Efni: Kæra - Hafnarfjarðarkaupstaður

---

Ágætu viðtakendur,

Meðfylgjandi er kæra og fylgiskjöl með henni frá kjörnum fulltrúum sem sitja í minnihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Með kveðju,

Adda María Jóhannsdóttir

Adda María Jóhannsdóttir

Bæjarfulltrúi / Town councillor

Hafnarfjarðarbær

Tel. + 354-694-3134

FYRIRVARI / DISCLAIMER - Fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar 8. ágúst 2018.pdf
- Fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 15. ágúst 2018.pdf - Yfirlit yfir fyrirspurnir á fundi bæjarstjórnar 15-08-2018.docx - Kæra - Hafnarfjarðarkaupstaður.pdf
- Rammasamkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og FH.pdf - Útsend dagskrá fundar bæjarstjórnar 15-08-2018.doc
- Útsend dagskrá fundar bæjarráðs 08-08-2018.doc
- Fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 10. maí 2017.pdf - Tölvupóstur frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 120818.pdf - Yfirlit yfir gögn sem fylgdu útsendri dagskrá fundar bæjarráðs og bæjarstjórnar.docx
- Veðbókarvottorð fyrir íþróttahús í Kaplakrika matshluti 04.pdf
- Drög að kaupsamningi við FH dags 24012017.pdf

# Kæra til samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis

**Kærendur**

Adda María Jóhannsdóttir, kt. 070367-5569
Skógarhlíð 7, 221 Hafnarfjörður
Netfang: addamaria@hafnarfjordur.is
s. 694-3134

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, kt. 260772-5039
Kirkjuvegi 4, 220 Hafnarfjörður
Netfang: gudlaugk@hafnarfjordur.is
s. 899-2873

Jón Ingi Hákonarson, kt. 240171-3179
Nönnustíg 5, 220 Hafnarfjörður
Netfang: jonh@hafnarfjordur.is
s. 690-9171

Sigrún Sverrisdóttir, kt. 220577-4309
Hamrabyggð 9, 220 Hafnarfjörður
Netfang: sigrunsv@hafnarfjordur.is
S. 863-8008

**Upplýsingar um kæruefni.**
**Nafn þess sveitarfélag, stofnunar, nefndar eða ráðs sem kæra beinist að.**

Hafnarfjarðarkaupstaður, bæjarráð og bæjarstjórn. Kærendur eru kjörnir fulltrúar í bæjarstórn sem sitja í minnihluta bæjarstjórnar.

**Hvaða ákvörðun er kærð (í stuttu máli)?**

Kæran varðar ákvörðun sem var tekin fyrst í bæjarráði Hafnarfjarðar þann 8. ágúst sl. og staðfest í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. ágúst sl.

Í útsendri dagskrá bæjarráðs þann 8. ágúst sl. lá fyrir eftirfarandi:

***1801099 - Kaplakriki, framkvæmdir***
***Tillaga fyrir fundinum:***
*"Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir eftirfarandi tillögu: Hafnarfjarðarkaupstaður mun ekki byggja, eiga og reka knatthús í Kaplakrika líkt og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. FH mun sjálft ráðast í þær framkvæmdir og bera ábyrgð á óvissu og kostnaðaraukningu ef til kemur við byggingu hússins. Til að greiða fyrir framkvæmdinni mun Hafnarfjarðakaupstaður gera rammasamkomulag um kaup á mannvirkjun í Kaplakrika að fjárhæð um 790 milljónir króna og verður greiðsla kaupverðsins háð skilyrðum um framgang og framvindu auk hefðbundinna ákvæða um vanefndir og eftirlit með að skilyrðum verði fylgt. Stofnaður verður sameiginlegur starfshópur um framkvæmd samningsins.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir framlagt rammasamkomulag á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar."*

Samkvæmt framlagðri tillögu fulltrúa meirihluta bæjarráðs er tilgangur kaupanna sá að gera félaginu kleift að fjármagna byggingu nýs knattspyrnuhúss á athafnasvæði félagsins. Í framlögðu rammasamkomulagi er félaginu ætlað að reisa fullbúið knatthús fyrir þær 790 milljónir sem bærinn hyggst greiða fyrir eignirnar en félagið hefur sjálft gert kostnaðaráætlun vegna verksins upp á sömu fjárhæð. Þess ber að geta að nýlegt útboð sveitarfélagsins vegna sömu framkvæmdar leiddi í ljós kostnað vegna verkefnisins sem er umtalsvert meiri eða sem nemur nokkur hundruð milljónum króna. Öllum tilboðum sem bárust í útboði var hafnað og hefur lægstbjóðandi kært þá ákvörðun. Kæruferli vegna þess er ólokið.

Á fundinum var samþykkt af þremur fulltrúum meirihlutans að bærinn keypti fyrrgreind mannvirki. Engin skýr rök komu fram sem skýrðu hvers vegna þurfti að afgreiða málið í slíkum flýti að það gat ekki beðið til næsta reglulega fundar bæjarstjórnar. Ekki ríkti einhugur í ráðinu um að ákvörðunin væri tekin á fundi ráðsins og töldu fulltrúar minnihluta að kalla bæri saman fullskipaða bæjarstjórn við afgreiðsluna enda fæli hún í sér umtalsverðar nýjar skuldbindingar fyrir bæjarsjóð, skuldbindingar sem ekki hafði áður verið fjallað um, hvorki í bæjarstjórn né öðrum nefndum sveitarfélagsins, og ekki var heimild fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun. Þá bentu fulltrúar minnihluta á að með samþykktinni væri einnig gerð grundvallarbreyting á áður samþykktri stefnu bæjarstjórnar, frá 10. maí 2017, um fyrirkomulag og aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingu íþróttamannvirkja, svolhjóðandi:

***1612327 - Þjónustusamningur við ÍBH***
***Niðurstaða fundar:***
*Samstarfssamningur við ÍBH, endurskoðun. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að gengið verði út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð verða með þátttöku sveitarfélagins í framtíðinni. Tillögunni er vísað til útfærslu til íþrótta- og tómstundafulltrúa og ÍTH og undirbúinn nýr samstarfssamningur Hafnarfjarðarbæjar við ÍBH, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar þar sem kveðið verður á um þessa breyttu stefnu bæjarins.*

Rétt er að geta þess að einungis tveir af þeim fjórum flokkum sem sitja í minnihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eiga atkvæðisrétt í bæjarráði og höfðu fulltrúar tveggja flokka því enga aðkomu að ákvörðuninni sem þar var tekin. Því töldu þeir eðlilegt að bæjarstjórn tæki ákvörðunina til opinnar og málefnanlegrar umfjöllunar þar sem allir flokkar ættu fulltrúa og hefðu atkvæðisrétt. Því lögðu fulltrúar minnihluta fram tillögu um að málinu yrði frestað til bæjarstjórnarfundar sem fyrirhugaður var þann 22. ágúst. Tillagan var felld og var í kjölfarið lögð fram bókun þar sem óskað var eftir því að bæjarstjórn yrði kölluð tafarlaust saman. Ekki var orðið við þeim óskum og málið afgreitt á fundinum í ágreiningi.

Í kjölfar afgreiðslu málsins í bæjarráði fóru fulltrúar minnihluta í bæjarstjórn, á grundvelli 8. gr. í samþykktum bæjarins, fram á að bæjarstjórn yrði kölluð saman eigi síðar en þann 15. ágúst svo hægt væri að reifa málið og kalla eftir þeim gögnum sem nauðsynleg voru til að bæjarfulltrúar gætu tekið upplýsta ákvörðun. Á þeim fundi lögðu fulltrúar minnihluta í bæjarstjórn fram fjölmargar spurningar sem óskað var svara við fyrir næsta reglulega fund bæjarstjórnar sem fyrirhugaður var viku síðar, þann 22. ágúst. Líkt og meðfylgjandi dagskrá fyrrnefnds fundar ber með sér var tillaga meirihlutans um umrædd kaup ekki á dagskrá þess fundar. Á fundinum lögðu fulltrúar meirihlutans hins vegar fram

afgreiðslutillögu þar sem farið var fram á að ákvörðun bæjarráðs yrði staðfest á fundinum. Engin gögn fylgdu fundarboði til bæjarstjórarfundar sem gátu gefið nákvæmari upplýsingar um viðskiptin.

Eftir umræður og framlagningu fyrirspurna undir 5. dagskrárlið á umræddum fundi bæjarstjórnar lagði bæjarstjóri fram eftirfarandi tillögu.

***1801099 – Kaplakriki, framkvæmdir***
*Bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir tekur til máls og leggur fram tillögu um að ákvörðun bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar frá 8.8. sl. um rammasamkomulag Hafnarfjarðarfjarðarkaupstaðar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar um eignaskipti og framkvæmdir við nýtt knatthús í Kaplakrika verði hér með staðfest.*

Framangreind tillaga bæjarstjóra var samþykkt af meirihluta bæjarstjórnar.

Áður en tillagan var tekin til afgreiðslu óskuðu fulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir því að tillagan yrði ekki afgreidd fyrr en á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar, sem fyrirhugaður er þann 22. ágúst nk., enda ættu svör við fyrirspurnum þá að liggja fyrir. Því var hafnað af hálfu meirihluta bæjarstjórnar. Tillagan var svohljóðandi:

*Í 65. grein sveitarstjórnarlaga kemur fram að sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Á fundi bæjarstjórnar í dag hefur margsinnis verið innt eftir því og gagna óskað, hvort tillaga um rammasamkomulag sem afgreidd var í bæjarráði í síðustu viku standist sveitastjórnarlög, sérstaklega 65. grein. Óskað hefur verið eftir svörum við þessum spurningum fyrir næsta fund bæjarstjórnar, sem er áætlaður eftir slétta viku. Þar sem hér er um grundvallarspurningar í þessu máli að ræða er þess krafist að ekki verði teknar ákvarðanir í því fyrr en öll svör liggja fyrir. Því leggur minnihlutinn til að máli nr. 5 sé frestað til næsta bæjarstjórnarfundar.*

Með þessu telja fulltrúar minnihlutans á rétti sínum brotið og komið í veg fyrir að þeir geti sinnt lögbundnum starfsskyldum sínum og tekið upplýsta ákvörðun um málið, þar sem grundvallarspurningum sem lagðar voru fram á fundinum hefur ekki verið svarað. Með því telja kærendur að brotið hafi verið gegn 27. grein sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að mál sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá sveitarstjórnarfundar verði ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna. Tillaga bæjarstjóra um að bæjarstjórn myndi staðfesta ákvörðun bæjarráðs frá 8. ágúst var aldrei borin upp á fundinum og kom því aldrei til þess að um það væru greidd atkvæði. Var ákvörðunin sem síðar var tekin, um staðfestingu á samþykkt bæjarráðs, því ólögmæt.

**Hvers er krafist?**
**Gerð gein fyrir kröfu kærenda**

a) Kærendur krefjast þess með vísan til 114. gr. sveitarstjórnarlaga að ógild verði svohljóðandi ákvörðun bæjarráðs um að: [„*Hafnarfjarðarkaupstaður mun ekki byggja, eiga og reka knatthús í Kaplakrika líkt og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. FH mun sjálft ráðast í þær framkvæmdir og bera ábyrgð á óvissu og kostnaðaraukningu ef til kemur við byggingu hússins. Til að greiða fyrir framkvæmdinni mun Hafnarfjarðakaupstaður gera rammasamkomulag um kaup á mannvirkjun í Kaplakrika að fjárhæð um 790 milljónir króna og verður greiðsla kaupverðsins háð skilyrðum um framgang og framvindu auk hefðbundinna ákvæða um vanefndir og eftirlit með að skilyrðum verði fylgt. Stofnaður verður sameiginlegur starfshópur um framkvæmd samningsins.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir framlagt rammasamkomulag á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar.*] verði ógild af ráðuneytinu í samræmi við 114. gr. sveitarstjórnarlaga"].

b) Kærendur krefjast þess að ákvörðun bæjarstjórnar frá 15. ágúst um að staðfesta ákvörðun bæjarráðs frá 8. ágúst verði ógild af ráðuneytingu í samræmi við 114. gr. sveitarstjórnarlaga.

c) Kærendur krefjast þess að ráðuneytið taki ákvörðun um að fresta réttaráhrifum ákvörðunar sveitarfélagsins á meðan málið er til meðferðar hjá ráðuneytinu, skv. 2. mgr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga. Þær sérstöku ástæður sem mæla með slíkri frestun er sú óvissa sem varða viðskiptin og jafnframt að ákvörðunin varðar tæpan milljarð króna úr sjóðum sveitarfélagsins. Mikilvægir hagsmunir séu því fyrir því að réttaráhrifum ákvörðunarinnar sé frestað á meðan málið er til meðferðar.

**Rökstuðningur kæru**
**Upplýsingar um það hvers vegna kærendur telja að fallast eigi á kröfur þeirra, helstu málsástæður og rök.**

Fulltrúar þeirra flokka sem sitja í minnihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar draga stórlega í efa að ákvörðun sem keyrð var í gegn með meirihlutavaldi, fyrst í bæjarráði og svo bæjarstjórn, um að bærinn falli frá áætlunum um byggingu knatthúss í Kaplakrika og kaupi þess í stað aðrar eignir á svæðinu, standist sveitarstjórnarlög, þar sem fjölmargir annmarkar eru á málatilbúnaði og meðferð, auk þess sem vafi leikur á því að þær standist 65. grein laganna, um ábyrga meðferð fjármuna af hálfu kjörinna fulltrúa.

Fulltrúar í bæjarráði Hafnarfjarðabæjar fengu afar skamman fyrirvara á umræddu máli og skorti verulega á gögn og upplýsingar varðandi forsendur þess. Ekki lágu fyrir fundi bæjarráðs aðrar upplýsingar um eignirnar en fastanúmer þeirra og því ómögulegt fyrir kjörna fulltrúa að leggja mat á innihald þeirra viðskipta sem ætlunin var að taka ákvörðun um, s.s. upplýsingar um áætlað matsverð eignanna, hver væri skráður eigandi þeirra, né heldur hvort þær væru að einhverju leyti veðsettar. Þá hafa ekki verið lögð fram drög að kaupsamningi né heldur skyldur kaupanda og seljanda í því sambandi. Engin gögn voru lögð fram til grundvallar samþykktinni sem gátu varpað ljósi á viðskiptin og þar með hagsmuni sveitarfélagsins af þátttöku í þeim. Teljum við ákvörðunina því varla uppfylla þá grundvallarreglu vandaðrar stjórnsýslu að mál eigi að vera nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin, sbr. jafnframt ákvæði 2. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga að fundarboði skuli fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála. Þá teljum við að vegna þeirra augljósu annmarka sem eru á allri umgjörð ákvörðunarinnar, m.a. skorts á nauðsynlegum gögnum og upplýsingum, þá hafi kjörnum fulltrúum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar ekki verið gert kleift að rækja lögbundið stjórnunar- og eftirlitshlutverk sitt.

Samkvæmt 15. gr. sveitarstjórnarlaga skal með fundarboði fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem nauðsynleg eru til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsa afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Líkt og að framan greinir telja kærendur að brotið hafi verið gegn þessari mikilvægu formreglu bæði þegar ákvörðunin var tekin í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar, svo og þegar ákvörðun bæjarráðs var staðfest af bæjarstjórn. Hafa kærendur ekki fengið nein nauðsynleg gögn fyrr né síðar til þess að upplýst afstaða geti verið tekin.

Að auki telja kærendur að afgreiðsla bæjarráðs hafi verið andstæð 5. 35. gr. sveitarstjórnarlaga. Í ákvæðinu er byggðarráði heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina. Þá sé heimilt að fela byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum sveitarfélags hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda sveitarstjórnar. Í 85. gr. samþykkta sveitarfélagsins er heimild byggðarráðs takmörkuð til töku fullnaðarákvörðunar. Getur ráðið einungis tekið slíka ákvörðun ef ekki er um verulega fjárhagslega hagsmuni sveitarfélagsins að ræða og jafnframt að ákvörðunin rúmist innan fjárhagsáætlunar.

Ljóst er samkvæmt framansögðu að bæjarráði var óheimil taka ákvörðunarinnar. Í fyrsta lagi er ljóst að ákvörðunin var fullnaðarákvörðun sem ekki hafði fengið umfjöllun hjá öðrum nefndum sveitarstjórnarinnar. Í öðru lagi þá varðar ákvörðunin verulega fjárhagslega hagsmuni sveitarfélagsins, enda sé um að ræða nýja ákvörðun en ekki aðeins viðbót við áður samþykkta ákvörðun um að knatthús yrði reist. Ekki sé þannig hægt að blanda saman þessum tveimur ákvörðunum, þrátt fyrir að þær hafi svipaðan tilgang, þ.e. að reist verði knatthús. Ljóst er að síðari ákvörðunin hefur mun fleiri þætti sem þarf að skoða og ákveða sérstaklega. Í þriðja lagi er ljóst að mikill ágreiningur innan ráðsins um ákvörðunina. Telja kærendur því að þrjú skilyrði laganna og samþykkta sveitarfélagsins hafi veirð brotin.

Kærendur telja ennfremur ákvörðun bæjarráðs sem síðar var staðfest á fundi bæjarstjórnar brjóta gegn 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og bindandi áhrif ákvarðana sem þar eru settar fram. Engu breytir í þessu sambandi þótt áður hafi verið samþykkt að reisa knatthús fyrir 720 mkr., enda um að ræða nýja ákvörðun. Þá draga kærendur stórlega í efa að ákvörðunin standist 65. gr. sveitarstjórnarlaga um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins þar sem engin gögn lágu fyrir um verðmat, ástand eða áhrif kaupanna á rekstur og fjárhag bæjarins. Auk þess sem tilgreint kaupverð, 790 milljónir, stangast verulega á við þá staðreynd að bærinn hefur áður metið tvær byggingarnar á mun lægra verði og á 80% í þeirri þriðju. Hvergi í ferlinu fengust viðhlítandi svör við því hvort áætlað verð stæðist skoðun, sem talsverður vafi verður að teljast á. Spurningum um það hvort bærinn sé með tillögu meirihlutans látinn kaupa sömu fasteignir í raun tvívegis, hefur ekki verið svarað.

Kærendur ráðfærðu sig við lögfræðing hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem gaf svar í tölvupósti sem fylgir með sem fylgiskjal. Ekki er um formlegt lögfræðilegt álit að ræða heldur svör við fyrirspurnum kærenda, einkum hvað varðar 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í svarinu er vísað í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 41. gr. og 8. mgr. 50. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Þar segir:

*Í ákvæði 5. mgr. 35. gr. laganna felst að byggðarráð getur í sumarleyfi sveitarstjórnar tekið ákvarðanir sem varða verulega fjárhag sveitarfélags. Þó segir í samþykktum um stjórn sveitarfélagsins, sbr. 85. gr. að slík heimild til töku fullnaðarákvörðunar eigi einungis við, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðunin rúmist innan fjárhagsáætlunar. Það skal þó áréttað að ekki má víkja frá því formlega skilyrði sem einnig kemur fram í 1. málsl. 5. mgr. 35. gr., að ágreiningur **má ekki vera innan ráðsins um afgreiðsluna**, sbr. dóm Héraðsdóms Vesturlands frá 21. mars 2007 í máli nr. E-11/2007. Með vísan til 3. mgr. 39. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, var ákvörðun bæjarráðs Snæfellsbæjar talin ólögmæt þar sem ekki hafi verið einhugur um ákvörðunina í bæjarráði en samkvæmt ákvæðinu, sem nú er að finna í 5. mgr. 35. gr. gildandi laga, og skýringum sem fylgdu frumvarpinu til*

*laganna á þeim tíma, kemur fram að með ákvæðinu séu tekin af tvímæli um að byggðarráð geti tekið fullnaðarákvarðanir þegar sveitarstjórn er í sumarleyfi án þess að vera bundið af því að ákvörðun mætti ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans.* ***Hvorki í ákvæðinu né lögskýringargögnum er því hins vegar hreyft að víkja eigi frá þeirri afdráttarlausu reglu að einhugur þurfi að verða í byggðarráði svo að það geti tekið fullnaðarákvörðun.***

Leyfi fékkst hjá lögfræðingi sambandsins sem veitti svarið fyrir því að í það yrði vísað, sbr. samskipti í tölvupósti.

Kærendur telja sig hafa sýnt fram á að umfangsmiklir annmarkar voru gerðir við formlega afgreiðslu ákvörðunarinnar, bæði hvað varðar fundarboðun, gögn sem fylgdu fundarboði, heimild bæjarráðs til ákvörðunartökunnar svo og eftirfarandi afgreiðslu bæjarstjórnar við staðfestingu á ákvörðun bæjarráðs. Þá sé málatilbúnaður meirihluta bæjarstjórnar svo óglöggur að ekki verður séð að málið sé nægjanlega upplýst til þess að hægt sé að taka ákvörðun í því í samræmi við ákvæði laga nr. 138/2011 og meginreglur sveitastjórnarréttar. Þá telja kærendur ákvörðunina brjóta í bága við 62. og 63. gr. laganna um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og bindandi áhrif slíkra áætlana.

Kærendur telja að svo miklar brotalamir hafi verið á afgreiðslu málsins að réttaráhrifum ákvörðunarinnar skuli vera frestað skv. 2. mgr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga. Um er að ræða mikilsverða fjárhagslega hagsmuni sveitarfélagsins og jafnframt er um að ræða mikla óvissu um framhald málsins verði framangreindar eignir keyptar af íþróttafélaginu. Þannig sé ekkert vitað um ástand þeirra, enda engin gögn varðandi það lögð fram. Ljóst er þó að viðhaldsskylda eiganda (þá sveitarfélagsins) gæti hlaupið á tugum ef ekki hundruðum milljóna næstu árin. Er því ekki endilega víst að sú fjárhæð sem samþykkt var, þ.e. 790 mkr. muni vera endanleg fjárhæð vegna reksturs mannvirkjanna. Þá er ljóst að brotið var gegn öllum reglum um upplýsta og áreiðanlega stjórnsýslu í ákvörðunarferlinu. Hefjist framkvæmdir á grundvelli ákvörðunarinnar á næstu vikum er ljóst að mjög erfitt gæti verið fyrir sveitarfélagið að endurheimta þá fjármuni sem færðir hafa verið til íþróttafélagsins komi til ógildingar ákvörðunarinnar. Þá áskilja kærendur sér allan rétt til að leggja fram frekari gögn eða reifa önnur sjónarmið og röksemdir áður en til úrskurðar ráðuneytisins kemur.

## Hefur kæruefnið verið lagt fyrir dómstóla eða önnur stjórnvöld?

Nei

## Skrá yfir skjöl og önnur gögn með kæru.

- Fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 8. ágúst 2018
- Fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 15. ágúst 2018
- Listi yfir fyrirspurnir fulltrúa minnihluta bæjarstjórnar sem lagðar voru fram á fundi bæjarstjórnar 15. ágúst 2018
- Tölvupóstur frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. ágúst 2018
- Drög að rammasamkomulagi....
- Útsend dagskrá bæjarstjórnarfundar dags. 15. ágúst 2018
- Útsend dagskrá fundar bæjarráðs dags. 8. ágúst 2018

- Listi yfir gögn sem fylgdu útsendri dagskrá fundar bæjarráðs dags. 8. ágúst 2018 og fundar bæjarstjórnar 15. ágúst 2018.
- Fundargerð bæjarstjórnar frá 10. maí 2017
- Veðbókarvottorð fyrir íþróttahús í Kaplakrika, matshluti 04
- Drög að kaupsamningi við FH dags. 24.01.2017

**Athugasemdir**

Hafnarfirði 21. ágúst 2018

Adda María Jóhannsdóttir

Sigrún Sverrisdóttir

HAFNARFJÖRÐUR

# Leita á vefnum

Leit á vef Hafnarfjarðar | Leita

**Þú ert hér Forsíða / Stjórnsýsla / Stjórnsýslan / Fundargerðir**

# Fundargerðir

**Til baka** **Prenta**

**Bæjarráð - 3499**

**Haldinn í fundarsal bæjarráðs, Strandgötu 6,
08.08.2018 og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:** Ágúst Bjarni Garðarsson. Kristinn Andersen. Ólafur Ingi Tómasson. Jón Ingi Hákonarson. Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir. Sigurður Þórður Ragnarsson. Friðþjófur Helgi Karlsson.

**Fundargerð ritaði:** Guðríður Guðmundsdóttir

Einnig sátu fundinn Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri og Sigríður Kristinsdóttir bæjarlögmaður og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

**Dagskrá:**

Almenn erindi

**1. 1801099 - Kaplakriki, framkvæmdir**

Fundarhlé gert kl. 11:20.
Fundi fram haldið kl. 11:25

Friðþjófur Helgi Karlsson fulltrúi Samfylkingar og Guðlaug Kristjánsdóttir áheyrnarfulltrúi Bæjarlistans leggja fram svohljóðandi tillögu:
Þegar jafn stór ákvörðun er til lykta leidd er eðlilegt að það sé gert á vettvangi bæjarstjórnar þar sem allir bæjarfulltrúar hafa möguleika á að koma að afgreiðslu málsins. Að öðrum kosti er ekki líklegt að náist sú samstaða sem mikilvæg er þegar kemur að uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Ég legg því til að málinu verði frestað og tekið fyrir og til lykta leitt á næsta fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 22. ágúst næstkomandi.

Tillagan var felld með þremur atkvæðum gegn tveimur.

Eftirfarandi tillaga lá fyrir fundinum:
"Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir eftirfarandi tillögu:
Hafnarfjarðarkaupstaður mun ekki byggja, eiga og reka nýtt knatthús í Kaplakrika líkt og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. FH mun sjálft ráðast í þær framkvæmdir og bera ábyrgð á óvissu og kostnaðaraukningu ef til kemur við byggingu hússins. Til að greiða fyrir framkvæmdinni mun Hafnarfjarðakaupstaður gera rammasamkomulag um kaup á mannvirkjun í Kaplakrika að fjárhæð um 790 milljónir króna og verður greiðsla

kaupverðsins háð skilyrðum um framgang og framvindu auk hefðbundinna ákvæða um vanefndir og eftirlit með að skilyrðum verði fylgt. Stofnaður verður sameiginlegur starfshópur um framkvæmd samningsins.
Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir framlagt rammasamkomulag á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar."

Tillagan er samþykkt með þremur atkvæðum meirihluta. Fulltrúar minnihluta sátu hjá.

Sigurður Þ. Ragnarsson áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:
Á fundi bæjarstjórnar 10. maí 2017 var eftirfarandi samþykkt: „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að gengið verði út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð verða með þátttöku sveitarfélagins í framtíðinni". Ennfremur kemur eftirfarandi fram í fjárhagsáætlun fyrir árin 2018-2021: „Bygging knatthúss hjá FH verður í 100% eign Hafnarfjarðarkaupstaðar og verður framkvæmdin boðin út".
Það rammasamkomulag sem liggur fyrir fundinum, milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og FH um eignaskipti og framkvæmdir við nýtt knatthús í Kaplakrika gerir ráð fyrir grundvallarbreytingu frá áður samþykktri stefnu um 100% eignarhlutarhlut í íþróttamannvirkjum. Þessi stefnubreyting og þar sem verkefnið er af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir, er ótækt að ákvörðun þessa mikilvæga máls verði tekin í bæjarráði en ekki í fullskipaðri bæjarstjórn. Bæjarfulltrúi Miðflokksins telur áríðandi að allir kjörnir bæjarfulltrúar komi að þessari ákvörðun en ekki aðeins þeir bæjarfulltrúar sem sitja í bæjarráði. Er því óskað eftir því að bæjarstjórn verði tafarlaust kölluð saman.

Áheyrnarfulltrúi Bæjarlistans leggur fram svohljóðandi bókun:
Hér er til umfjöllunar tillaga sem varðar breytingu á gildandi fjárhagsáætlun, sem og samþykkt bæjarstjórnar frá 10. maí 2017. Upphæðir eru stórar og málin hafa verið umdeild og kallað á mikla umræðu bæði meðal kjörinna fulltrúa og bæjarbúa almennt. Aðdragandi þessarar tillögu er stuttur og er hún borin fram á aukafundi í sumarleyfi bæjarráðs, með stysta löglega fyrirvara.
Bæjarstjórn er einnig í sumarleyfi og bæjarráð því starfandi í umboði hennar. Þetta fyrirbyggir möguleika á að skjóta málinu til opins fundar bæjarstjórnar og þannig tryggja beina aðkomu allra flokka í bæjarstjórn, en einungis 4 af 6 flokkum fara með atkvæði í bæjarráði.
Fulltrúi Bæjarlistans gerir alvarlega athugasemd við þessi vinnubrögð og furðar sig á því að beiðnir um frestun og svigrúm til dýpri umræðu hafi verið hunsaðar.
Fjölmörgum spurningum um framhaldið er ósvarað og undarlegt að ekki skuli hafa verið orðið við málefnalegum óskum minnihluta um frest til að glöggva sig betur á málum.
Ekki liggur formlega ljóst fyrir á fundinum hvernig þessi flýtir er til kominn og fyllsta ástæða til að gera athugasemd við gerræðisleg vinnubrögð af þessu tagi, að kjörnum fulltrúum sé ekki tryggð heimild til að sinna skyldum sínum um upplýsta ákvarðanatöku.
Ekki voru í fundargögnum upplýsingar um gildandi reglur bæjarstjórnar um uppbyggingu íþróttamannvirkja (gildandi samkomulag við ÍBH), sem ekki er heldur að finna á vef bæjarins. Ekki lágu fyrir gögn um verðmat á þeim mannvirkjum sem lagt er til að verði keypt, þrátt fyrir að sett sé fram viðmiðunarupphæð um kaupin.
Umrædd ákvörðun er hluti af mun stærri heild, bæði hvað varðar fjárhagsáætlun og heildaruppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum. Því er miður að hún hafi með þessum hætti verið tekin út fyrir sviga, bæði hvað varðar heildarstefnumótun og ekki síður hvað varðar aðkomu kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.
Miklu skiptir að vinna við uppbyggingu íþróttmannvirkja í bænum sé unnin í sátt, í opnu ferli og með virkri aðkomu allra kjörinna fulltrúa. Undirrituð brýnir fulltrúa

meirihlutans til að færa sig aftur inn á þá braut, líkt og gert var á síðasta kjörtímabili.
Fulltrúi Samfylkingarinnar tekur undir bókunina.

Fulltrúar meirihluta leggja fram svohljóðandi bókun:
Hér er um rammasamkomulag að ræða og á frekari útfærsla málsins eftir að eiga sér stað í ráðum bæjarins, starfshópi um málið og bæjarstjórn á komandi vikum.

**Rammasamkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og FH 07082018.docx.pdf**

**2. 1805076 - Hamraneslína, bráðabirgðaflutningur**

*Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi mætti til fundarins.*

*1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 10. júlí s.l. "Tekin til umræðu á ný breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna færslu á háspennulínu við Hamranes. Lögð var fram skipulagslýsing dags. 22. maí 2018 og hún samþykkt. Með bréfi skipulagsstofnunar dags. 19.06. 2018 er óskað eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tilkynningu Landsnets um færslu Hamraneslínu 1 og 2.*
*Lögð fram drög að umsögn Hafnarfjarðarbæjar dags. 09.07.2018.*
*Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirliggjandi umsögn dags. 09.07.2018 vegna tilkynningu Landsnets um bráðabirgðafærslu Hamraneslínu 1 og 2."*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir fyrirliggjandi skipulagslýsingu dags 22. maí 2018 og umsögn Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 9. júlí 2018.

**Hamraneslína bráðab.fl. 22.05.2018 lýsing B.pdf**
**Hamraneslína-Hnoðraholt. Matsskylda 1.pdf**

**3. 1706321 - Fornubúðir 5, mál nr. 67/2017, kæra**

*Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi mætti til fundarins.*

*1 liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 20. júlí 2018: "Með bréfum dags. 19. júní 2107 og 1. maí 2018 frá Sigurjóni Ingvasyni og Rannveigu Guðlaugsdottur Suðurgötu 70 Hafnarfirði, þá kærðu þau breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fornubúðir 5 og samþykkt byggingaráform á sömu lóð frá 27 mars 2018 til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Deiliskipulagsbreyting lóðarinnar að Fornubúðum 5 var samþykkt í bæjarstjórn þann 27 apríl 2014. Með úrskurði ÚUA þann 12. júlí s.l. var samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Fornubúða 5 felld úr gildi. Jafnframt var samþykkt byggingarfulltrúans í Hafnarfirði frá 27 mars s.l. á umsókn um byggingu skrifstofu- og rannsóknarhúss sem tengist sjávarútvegi felld úr gildi.*
*Með vísan til úrskurðar ÚUA frá 12 júlí s.l. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram lýsing dags 19.07.2018 í samræmi við 1. mgr. 30 gr. sömu laga, þar sem tekin er saman lýsing á skipulagsverkefninu.*
*Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagaða skipulagslýsingu."*

Bæjarráð í umboði bæjastjórnar samþykkir framlagða skipulagslýsingu.

Fulltrúi Samfylkingar leggur fram svohljóðandi bókun:
Fulltrúi Samfylkingarinnar ítrekar fyrri bókun fulltrúa flokksins í Skipulags- og byggingarráði þann 20. júlí síðastliðinn sem hljóðar svo: "Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála þar sem byggingarleyfi og deiluskipulag vegna lóðarinnar Fornubúða 5 er fellt úr gildi er í samræmi við bókun bæjarfulltrúa Vinstri grænna og Samfylkingarinnar um deiluskipulagsbreytiginguna fyrir lóðina bæjarstjórnarfundi 27. apríl, 2017. Í bókuninni er m.a. bent á að ef á að blanda hafnarstarfsemi við aðra starfsemi og íbúðabyggð ber að gera það með heildstæðum hætti og vanda til verka, ekki með einstaka deiliskipulagsbreytingum eftir óskum eigenda lóða á hafnarsvæðinu. Þá hefur verið bent á að viðbyggingin er ekki í samræmi við lýsingu sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiluskipulagi Flensborgarhafnar, en þar kemur fram að þarna eiga að vera lágreistar byggingar, sem falli að aðliggjandi byggð. Ef farið hefði verið eftir þessum ábendingum, þá hefði mátt komast hjá stöðvun framkvæmda og spara dýrmætan tíma. Einnig að vinna skipulagið í nánu samstarfi við íbúa og aðra hlutaðeigandi. "

**Skipulagslýsing drög 1.pdf**

**4. 1807277 - Bæjar- og tónlistarhátíð, Hjarta Hafnarfjarðar**

*Lagt fram erindi frá Bæjarbíói slf um ósk um að nýta útisvæði framan við Bæjarbíó frá fimmtudegi 30. ágúst frá kl. 17:00 til 1. september fram að miðnætti í tilefni að hátíðinni í Hjarta Hafnarfjarðar 2018.*

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur umhverfis- og skipulagsþjónustu afgreiðslu þess.

**Erindi til Bæjarráðs Hafnarfjarðar um afnot af Svæði fyrir framan Bæjarbíó fyrir bæjar-og tónlisrtarhátíðina "Hjarta hafnarfjarðar"**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30**

**Til baka** | **Prenta**

HAFNARFJÖRÐUR

# Leita á vefnum

Leit á vef Hafnarfjarðar | Leita

Þú ert hér Forsíða / Stjórnsýsla / Stjórnsýslan / Fundargerðir

# Fundargerðir

Til baka | Prenta

**Bæjarstjórn - 1808**

**Haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 15.08.2018 og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:** Rósa Guðbjartsdóttir. Adda María Jóhannsdóttir. Kristinn Andersen. Ólafur Ingi Tómasson. Jón Ingi Hákonarson. Ágúst Bjarni Garðarsson. Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir. Kristín María Thoroddsen. Guðbjörg Oddný Jónasdóttir. Sigrún Sverrisdóttirx. Bjarney Grendal Jóhannesdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ívar Bragason

Mættir eru allir aðalbæjarfulltrúar að undanskyldum þeim Friðþjófi Helga Karlssyni, Helgu Ingólfsdóttur og Sigurði Þórði Ragnarssyni en í þeirra stað mæta þau Sigrún Sverrisdóttir, Guðbjörg Oddný Jónsdóttir og Bjarney Grendal Jóhannesdóttir.

Kristinn Andersen forseti bæjarstjórnar setti þennan aukafund í bæjarstjórn og stýrði honum.

**Dagskrá:**

Almenn erindi

**1. 1704040 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021**

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Einnig tekur til máls bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir. Jón Ingi Hákonarson kemur að andsvari og Rósa svarar andsvari. Einnig kemur Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir til andsvars og næst kemur Adda María til andsvars.

Næst tekur Guðlaug Kristjánsdóttir til máls. Til máls öðru sinni tekur Adda María Jóhannsdóttir og leggur fram eftirfarandi fyrirspurn:

Í 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um fjárhagsáætlanir og bindandi áhrif ákvarðana sem þar eru settar fram. Í 1. mgr. 63. gr. segir m.a. „Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins.? Ennfremur segir í 2. mgr. sömu gr. "Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.?

Með vísan til fyrrgreindra ákvæða í sveitarstjórnarlögum óskum við undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar svara um það hvort og þá hvernig breyting á áætlun vegna framkvæmda við knatthúss í Kaplakrika telst standast ákvæði laganna.

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Farið er fram á þetta að gefnu tilefni þar sem þegar er búið að senda út dagskrá fyrir fund í bæjarráði á morgun, 16. ágúst, þar sem gera á viðauka og stofna starfshóp um framkvæmdina.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson

Guðlaug Kristjánsdóttir tekur til máls öðru sinni og leggur fram svohljóðandi bókun:

Undirrituð vekur athygli á því að enn er í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir byggingu knatthúss af hálfu bæjarins. Enginn hefur lagt til breytingar á þeirri áætlun, nema meirihlutinn, nú í síðustu viku.

Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu meirihlutans um verðmat, eignarstöðu eða ástand umræddra þriggja fasteigna, þ.e. íþróttahúss, Risa og Dvergs. Ekki lágu fyrir gögn á fundi bæjarráðs í liðinni viku um það hvers vegna afgreiða þurfti þetta mál með þeim hraða sem raunin var og ekki var orðið við óskum fulltrúa minnihluta um svigrúm til að afla gagna. Jafnframt var því vísað á bug að um breytingar á fjárhagsáætlun væri að ræða, en nú liggur fyrir fundarboð í bæjarráð á morgun 16. Ágúst þar sem meðal annars er lagður fram umræddur viðauki.

**2. 1612327 - Þjónustusamningur við ÍBH**

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Einnig tekur til máls Ágúst Bjarni Garðarsson. til andsvars kemur Adda María Jóhannsdóttir.

Til máls tekur Guðlaug Kristjánsdóttir og til andsvars kemur bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir. Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari. Rósa Guðbjartsdóttir kemur til andsvars öðru sinni og Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari öðru sinni. Einnig til andsvars kemur Ágúst Bjarni Garðarsson. Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Bjarney Grendal Jóhannesdóttir og leggur fram eftirfarandi fyrirspurn:

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 10. maí 2017 var samþykkt að við endurskoðun á samstarfssamningi við ÍBH yrði til framtíðar gengið út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð yrðu með þátttöku sveitarfélagins.

Á grundvelli þeirrar samþykktar og í kjölfar ákvörðunar sem tekin var í bæjarráði um stefnubreytingu varðandi uppbyggingu knatthúss í Kaplakrika óska undirritaðir bæjarfulltrúar eftir upplýsingum um stefnu núverandi meirihluta varðandi byggingu íþróttamannvirkja og hvort til standi að afturkalla samþykkt bæjarstjórnar frá 10. maí 2017.

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

Til máls öðru sinni tekur Guðlaug Kristjánsdóttir og kemur að svohljóðandi bókun:

Fram kom í máli bæjarstjóra að bæjarfulltrúar hefðu átt að kynna sér eignaskiptasamninga vegna svæðisins á Kaplakrika. Undirrituð bendir á að eignaskiptasamningar hafa ekki legið fyrir í gögnum fyrr en í aðdraganda fundarins nú í dag og þá í kjölfar beiðna fulltrúa minnihlutans, hvorki gildandi samningur né drög að breyttum eignaskiptum.

**Samtarfssamningur Hfj og ÍBH 21.02.2008**

**3. 1509727 - Íþróttafélög, þjónustusamningur**

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Einnig tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir. Til andsvars kemur bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir. Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari. Til andsvars öðru sinni kemur Rósa Guðbjartsdóttir og Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari öðru sinni.

Til máls öðru sinni tekur Adda María Jóhannsdóttir. Til andsvars kemur bæjarstjóri Rósa Gubjartsdóttir. Adda María Jóhannsdóttir svarar andsvari.

Guðlaug Kristjánsdóttir tekur máls og kemur að eftirfarandi fyrirspurnum:

Sveitarstjórnarlög kveða meðal annars á um ábyrga meðferð bæjarfulltrúa á fjármunum sveitarfélagsins en í 65 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir m.a. eftirfarandi: „Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti..."

Eitt af þeim húsum á Kaplakrika sem nú er fyrirhugað að kaupa (íþróttahús) er talið hafa verið gefið FH af bæjarstjórn árið 1989. Samkvæmt samkomulagi sem gert var þar um var gert ráð fyrir að ýmis skilyrði yrðu uppfyllt frá og með árinu 2005, sem virðist síðan ekki hafa verið gert. Hinn eiginlegi gjafagjörningur hefur þannig ekki farið fram og er húseignin enn færð sem eign bæjarsjóðs í bókum sveitarfélagsins, að 80% hluta. Ljóst er miðað við það að hinn meinti gjafagjörningur hefur ekki verið gjaldfærður í bókum bæjarins. Komi til þess nú að bærinn kaupi húsnæðið að fullu þarf m.a. að gjaldfæra gjafagjörninginn.

Gangi ætlan meirihlutans eftir í þessu máli óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta svara við því hvernig ætlunin sé að mæta útgjöldum vegna þessa meinta gjafagjörnings upp á hundruð milljóna króna í ársreikningi sveitarfélagsins 2018 þannig að ekki verði halli á rekstri A hluta bæjarsjóðs. Einnig er óskað svara við því hvernig þessi fyrirhuguðu kaup á eigin eign eru talin samræmast 65. gr. sveitarstjórnarlaga um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins.
Svara er óskað eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar

Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi forseta bæjarstjórnar var utanaðkomandi lögfræðingur að vinna að minnisblaði varðandi framangreint samkomulag við FH í lok síðasta kjörtímabils fyrir sveitarfélagið.

Með vísan til þess óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir að þetta minnisblað verði lagt fram, eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

**4. 1702357 - Reglur um eftirlitsnefnd með fjármálum íþrótta- og æskulýðsfélaga**

Til máls tekur Guðlaug Kristjánsdóttir. Til andsvars kemur bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir. Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari.

Jón Ingi Hákonarson tekur til máls og leggur fram eftirfarandi fyrirspurnir:

Eftir því sem næst verður komist var í þeim forsendum sem lágu til grundvallar útreikningi á leiguverði sem bærinn hefur greitt til FH vegna leigu á tímum í Risanum, knatthúsi, á sínum tíma gert ráð fyrir að leigan myndi duga til að greiða rekstrarkostnað vegna knatthússins og afborganir og vexti af lánum sem tekin voru vegna byggingar húsnæðisins, á umsömdum leigutíma.

Með vísan til þessa er óskað eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna þessar upplýsingar. Reynist þær réttar óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar svara meirihlutans á því hvort hann telji réttlætanlegt og hvort það sé í samræmi við gr. 65 í sveitarstjórnarlögum um ábyrga meðferð fjármuna að greiða nú FH fullt verð fyrir Risann og þá í reynd fjármagna húsið í annað skipti. Óskað er eftir að svar við fyrirspurninni verði lagt fram eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Með vísan til 65. gr. sveitarstjórnarlaga óska undirritaðir bæjarfulltrúa minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að greina hvernig leigugreiðslum frá bænum vegna Risans hefur verið ráðstafað frá upphafi leigutímans. Í því sambandi verði gerð ítarleg greining á rekstrarreikningum FH-knatthúsa ehf. frá upphafi.

Óskað er eftir að greiningin liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

Til máls öðru sinni tekur Guðlaug Kristjánsdóttir og leggur fram eftirfarandi fyrirspurnir:

Í þeim viðræðum sem fram fóru við forsvarsmenn FH á síðasta kjörtímabili varðandi knatthús kom fram að umtalsverðar skuldir hvíla á knatthúsunum sem nú er gert ráð fyrir að kaupa og greiða fyrir að fullu.
Með vísan til þess óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir nákvæmum upplýsingum um hversu háar þessar skuldir eru samtals og hvernig FH hyggst standa undir greiðslu afborgana og vaxta vegna þeirra. Jafnframt er óskað svara við því hvort gert sé ráð fyrir að bærinn leigi tíma af FH í nýja húsinu. Ef svo er, hvað er gert ráð fyrir að greitt verði mikið fyrir þá tíma?

Óskað er eftir að upplýsingarnar verði lagðar fram eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Á undanförnum árum hefur FH tekið að sér ýmsar framkvæmdir á athafnarsvæði FH fyrir hönd bæjarins. Um er að ræða m.a. flýtiframkvæmdasamning, greiðslu á sl. ári vegna efnistöku af stæði væntanlegs knatthúss ofl. Fyrir þetta hefur bærinn greitt að fullu til FH. Mikilvægt er að áður en gengið verður til frekari samninga við FH liggi fyrir hvort félagið hafi gert upp að fullu við þá verktaka sem unnið hafa vegna framangreinda verka.

Með vísan til þessa óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna að engar skuldir séu vegna þessara framkvæmda.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

**5. 1801099 - Kaplakriki, framkvæmdir**

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Einnig tekur til máls Sigrún Sverrisdóttir og leggur fram eftirfarandi fyrirspurn:

Þar sem engin gögn lágu fyrir fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þar sem ákvörðun um breytt áform varðandi byggingu knatthúss í Kaplakrika var tekin óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir verðmati og ástandsmati á íþróttamannvirkjum í Kaplakrika þeim er um ræðir í rammasamkomulaginu og til stendur að bærinn kaupi.

Svör við fyrirspurninni liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þar sem ákvörðun var tekin um breytt áform varðandi byggingu knatthúss í Kaplakrika kom fram að niðurstaða í útboði vegna framkvæmdanna hafi verið kærð og kæruferli sé í gangi. Undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar óska eftir upplýsingum um stöðu bæjarins og framkvæmda í Kaplakrika gagnvart þeirri kæru og hvort heimilt sé að fara í innkaupaferli vegna knatthússins áður en kærumálið er útkljáð.

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

Til máls tekur Guðlaug Kristjánsdóttir og leggur fram svohljóðandi bókun:

Undirrituð gerir alvarlega athugsemd við að bæjarfulltrúar og bæjarráð skuli ekki hafa verið upplýst um kæru sem borist hefur vegna útboðsferlis vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Kaplakrika. Spurst var fyrir um kæruna á fundi bæjarráðs í síðustu viku og upplýsti bæjarlögmaður að vinna væri í gangi vegna hennar. Undirrituð lýsir furðu á þeim vinnubrögðum að upplýsa ekki kjörna fulltrúa um kæru á hendur bæjarfélaginu við fyrsta mögulega tækifæri, en kæran barst í júnímánuði. Ekki síst þegar um er að ræða mál sem er í vinnslu og í ljósi þess að umræða kjörinna fulltrúa um kostnaðaráætlun og tilboðsverð er augljóslega viðkvæm í ljósi þessa kæruferlis.

Fundarhlé kl: 10:59.

Fundi framhaldið kl. 11:09.

Bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir tekur til máls og leggur fram tillögu um að ákvörðun bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar frá 8.8.sl. um rammasamkomulag Hafnarfjarðarfjarðarkaupstaðar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar um eignaskipti og framkvæmdir við nýtt knatthús í Kaplakrika verði hér með staðfest.

Guðlaug Kristjánsdóttir tekur til máls og leggur fram dagskrártillögu um að þessum lið verði tekið fyrir eftir að liður 6 hafi verið ræddur, orðrétt er tillagan svohljóðandi:

"Undirrituð leggur til dagskrártillögu um að fresta því að ljúka máli nr. 5, taka mál nr. 6 fyrir áður en til afgreiðslu tillögu bæjarstjóra komi. Ég legg þetta til vegna þess að undir máli nr. 6 mun minnihluti leggja fram gögn og upplýsingar sem eru til þess fallin að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu um tillöguna frá bæjarráðsfundinum í síðustu viku, um rammasamkomulag. Þegar lið nr. 6 verði lokið, verði haldið áfram með lið 5 og gengið til atkvæða um tillögu bæjarstjóra."

Adda María Jóhannsdóttir tekur til máls undir fundarsköpum. Einnig Rósa Guðbjartsdóttir. Adda María tekur til máls öðru sinn um fundarsköp. Einnig tekur Ólafur Ingi Tómasson til máls undir fundarsköpum. Þá tekur Adda María til máls þriðja sinni undir fundarsköpum, einnig Ólafur Ingi öðru sinni og næst Guðlaug Kristjánsdóttir.

Fundarhlé kl. 11:31.

Fundi framhaldið kl. 11:41.

Ber forseti framkomna dagskrártillögu Guðlaugar Kristjánsdóttur, um að þessi liður verði tekin fyrir eftir lið 6, upp til atkvæða. Er tillagan felld með 6 atkvæðum fulltrúa meirihluta gegn 5 atkvæðum minnihluta.

Fundarhlé kl. 11:45.

Fundi framhaldið kl. 12:12.

Til máls tekur Guðlaug Kristjánsdóttir og leggur fram svohljóðandi bókun vegna dagskrártillögu sem afgreidd hefur verið:

Undirritaðir bæjarfulltrúar lýsa furðu á því að bæjarfulltrúar meirihluta hafni því að umræða um 6. lið á dagskránni fari fram áður en framlögð tillaga bæjarstjóra um rammasamkomulag verði afgreidd, ekki síst í ljósi þess að fulltrúar minnihluta hafa lýst því yfir að í 6. lið muni koma fram upplýsingar sem hafi bein áhrif á möguleika bæjarfulltrúa til að taka upplýsta afstöðu. Hér er því verið að hindra bæjarfulltrúa í því að taka upplýsta ákvörðun. Minnt er á að bæjarfulltrúar eru einungis bundnir af eigin sannfæringu sem þeir eiga rétt á að fá svigrúm til að mynda sér á grundvelli upplýsinga.

Svo virðist sem meirihlutinn nálgist umræðuna á þessum fundi sem málamyndagjörning, rétt eins og rammasamkomulagið sem keyrt var í gegn í síðustu viku í bæjarráði. Ef ekki er vilji til að hlýða á rök í málinu til enda, getur ekki verið mikil alvara á bakvið þátttöku meirihluta í þessu samtali.

Einnig leggur Guðlaug fram svohljóðandi tillögu fyrir fundinn:

"Í 65. grein sveitarstjórnarlaga kemur fram að sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Á fundi bæjarstjórnar í dag hefur margsinnis verið innt eftir því og gagna óskað, hvort tillaga um rammasamkomulag sem afgreidd var í bæjarráði í síðustu viku standist sveitastjórnarlög, sérstaklega 65. grein. Óskað hefur verið eftir svörum við þessum spurningum fyrir næsta fund bæjarstjórnar, sem er áætlaður eftir slétta viku. Þar sem hér er um grundvallarspurningar í þessu máli að ræða er þess krafist að ekki verði teknar ákvarðanir í því fyrr en öll svör liggja fyrir. Því leggur minnihlutinn til að máli nr. 5 sé frestað til næsta bæjarstjórnarfundar."

Forseti ber upp framkomna tillögu um frestun málsins og er hún felld með 6 atkvæðum meirihluta gegn 5 atkvæðum minnnihluta.

Næst ber forseti upp framkomna tillögu bæjarstjóra, um að ákvörðun bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar frá 8.8.sl. um rammasamkomulag Hafnarfjarðarfjarðarkaupstaðar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar um eignaskipti og framkvæmdir við nýtt knatthús í Kaplakrika verði hér með staðfest. Er tillagan samþykkt með 6 atkvæðum meirihluta gegn 5 atkvæðum minnnihluta.

Óskar Guðlaug Kristjánsdóttir eftir nafnakalli:

Adda María Jóhannsdóttir Nei
Ágúst Bjarni Garðarsson Já
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir Nei
Guðbjörg Oddný Já
Guðlaug Kristjánsdóttir Nei
Jón Ingi Hákonarson Nei
Kristín María Thoroddsen Já
Ólafur Ingi Tómsson Já
Rósa Guðbjartsdóttir Já
Sigrún Sverrisdóttir Nei
Kristinn Andersen Já

Adda María gerir grein fyrir atkvæði sínu. Einnig Guðlaug Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson, Sigrun Sverrisdóttir og Bjarney Grendal Jóhannesdóttir.

Adda María leggur fram svohljóðandi bókun:

Undirritaðir fulltrúar minnihluta bæjarstjórnar draga í efa að þessi ákvörðun meirihluta standist 65. gr. sveitarstjórnarlaga um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélaga og munum við vísa samþykkt meirihluta bæjarstjórnar í dag til úrskurðar hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

**Rammasamkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og FH 07082018.docx.pdf**

**6. 1806224 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2018-2022**

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Til andsvars kemur Ágúst Bjarni Garðarsson. Adda María svarar andsvari.

Guðlaug Kristjánsdóttir tekur til máls. Bæjarstjóri Rósa Guðbjartsdóttir kemur til andsvars.

Til máls tekur Jón Ingi Hákonarson. Til andsvars kemur Rósa Guðbjartsdóttir. Jón Ingi svarar andsvari.

Guðlaug Kristjánsdóttir tekur til máls öðru sinni.

Adda María tekur til máls öðru sinni og ber upp eftirfarandi fyrirspurnir:

Vegna yfirlýsinga bæjarstjóra í Morgunblaðinu laugardaginn 11. ágúst sl. óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar skýringa á ummælum bæjarstjóra þar sem hún segir það tilviljun að þetta mál væri tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þegar til hans var einmitt boðað sérstaklega vegna málsins.
Óskað er eftir að svör við fyrirspurninni liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Í ljósi þess hversu skyndilega boðað var til fundar bæjarráðs hinn 8. ágúst sl. með minnsta löglega fyrirvara á grundvelli þess að flýta þyrfti málinu óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir gögnum sem varpað geta ljósi á hina óvæntu framvindu í málinu sem kallaði á slíka flýtimeðferð að ekki mátti bíða þess að ná bæjarstjórn saman.

Óskað er eftir að gögn liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

Einnig leggur Adda María fram svohljóðandi bókun:

Ákvörðun um breytt áform varðandi byggingu knatthúss var tekin á skyndifundi sem haldinn var í bæjarráði þann 8. ágúst sl. þar sem einungis 3 af 11 bæjarfulltrúum samþykktu stefnubreytingu í málefnum er varða uppbyggingu á íþróttamannvirkjum. Fulltrúar fengu afar skamman fyrirvara á málinu og skorti verulega á gögn og upplýsingar varðandi forsendur þess.

Fulltrúar þeirra flokka sem sitja í minnihluta bæjarstjórnar draga lögmæti ákvörðunarinnar í efa og hafa leitað álits hjá lögfræðingum Samband íslenskra sveitarfélaga þar að lútandi. Álitið staðfestir þann skilning okkar að ákvörðunin standist ekki sveitarstjórnarlög og því beri að ógilda hana. Í álitinu (sem fylgir málinu) kemur m.a. fram að heimild byggðarráðs til töku fullnaðarákvörðunar eigi einungis við þegar ekki er um að ræða verulega fjárhagslega hagsmuni og að ákvörðunin rúmist innan fjárhagsáætlunar. Í álitinu er áréttað að óheimilt sé að víkja frá formlegu skilyrði sem

fram kemur í 1. málsl. 5. mgr. 35. gr. „að ágreiningur má ekki vera innan ráðsins um afgreiðsluna," Einnig er í álitinu vísað í dóm sem féll í Héraðsdómi Vesturlands þann 21. mars 2007 þegar ákvörðun bæjarráðs Snæfellsbæjar var talin ólögmæt þar sem ekki hafi verið einhugur um ákvörðunina í bæjarráði.

Á grundvelli þessa álits fara undirritaðir fulltrúar minnihluta bæjarstjórnar fram á að umrædd ákvörðun bæjarráðs frá 8. ágúst sl. verði ógilt og hún afturkölluð vegna formgalla og ekki aðhafst frekar í málinu þar til spurningum þeim sem lagðar hafa verið fram á fundinum hefur verið svarað. Í kjölfarið getur málið fengið meðferð í samræmi við samþykktir bæjarins og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

Ágúst Bjarni Garðarsson kemur upp í andsvar.

Fundarhlé kl. 13:08.

Fundi framhaldið kl. 13:16.

Ágúst Bjarni tekur til máls og leggur fram svohljóðandi bókun:

Formaður bæjarráðs óskar eftir að bókað verði að bæjarlögmanni verði falið að kalla eftir áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fulltrúar minnihlutans hafa vitnað hér til á fundi bæjarstjórnar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

**Til baka** **Prenta**

**Yfirlit yfir fyrirspurnir minnihluta á bæjarstjórnarfundi 15. ágúst 2018**

**Fyrirspurn 1:**

Í 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um fjárhagsáætlanir og bindandi áhrif ákvarðana sem þar eru settar fram. Í 1. mgr. 63. gr. segir m.a. „Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins." Ennfremur segir í 2. mgr. sömu gr. "Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans."

Með vísan til fyrrgreindra ákvæða í sveitarstjórnarlögum óskum við undirritaðir bæjarfulltrúar svara um það hvort og þá hvernig breyting á áætlun vegna knatthúss í Kaplakrika telst standast ákvæði laganna.

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Farið er fram á þetta að gefnu tilefni þar sem þegar er búið að senda út dagskrá fyrir fund í bæjarráði á morgun, 16. ágúst, þar sem gera á viðauka og stofna starfshóp um framkvæmdina.

**Fyrirspurn 2:**

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 10. maí 2017 var samþykkt að við endurskoðun á samstarfssamningi við ÍBH yrði til framtíðar gengið út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð yrðu með þátttöku sveitarfélagins.

Á grundvelli þeirrar samþykktar og í kjölfar ákvörðunar sem tekin var í bæjarráði um stefnubreytingu varðandi uppbyggingu knatthúss í Kaplakrika óska undirritaðir bæjarfulltrúar eftir upplýsingum um stefnu núverandi meirihluta varðandi byggingu íþróttamannvirkja og hvort til standi að afturkalla samþykkt bæjarstjórnar frá 10. maí 2017.

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 3:**

Sveitarstjórnarlög kveða meðal annars á um ábyrga meðferð bæjarfulltrúa á fjármunum sveitarfélagsins en í 65 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir m.a. eftirfarandi: „Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti..."

Eitt af þeim húsum á Kaplakrika sem nú er fyrirhugað að kaupa (íþróttahús) er talið hafa verið gefið FH af bæjarstjórn árið 1989. Samkvæmt samkomulagi sem gert var þar um var gert ráð fyrir að ýmis skilyrði yrðu uppfyllt frá og með árinu 2005, sem virðist síðan ekki hafa verið gert. Hinn eiginlegi gjafagjörningur hefur þannig ekki farið fram og er húseignin enn færð sem eign bæjarsjóðs í bókum sveitarfélagsins, að 80% hluta. Ljóst er miðað við það að hinn meinti gjafagjörningur hefur ekki verið gjaldfærður í bókum bæjarins. Komi til þess nú að bærinn kaupi húsnæðið að fullu þarf m.a. að gjaldfæra gjafagjörninginn.

Gangi ætlan meirihlutans eftir í þessu máli óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta svara við því hvernig ætlunin sé að mæta útgjöldum vegna þessa meinta gjafagjörnings upp á hundruð milljóna króna í ársreikningi sveitarfélagsins 2018 þannig að ekki verði halli á rekstri A hluta bæjarsjóðs. Einnig er óskað svara við því hvernig þessi fyrirhuguðu kaup á eigin eign eru talin samræmast 65. gr. sveitarstjórnarlaga um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins.

Svara er óskað eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 4:**

Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi forseta bæjarstjórnar var utanaðkomandi lögfræðingur að vinna að minnisblaði varðandi framangreint samkomulag við FH í lok síðasta kjörtímabils fyrir sveitarfélagið.

Með vísan til þess óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir að þetta minnisblað verði lagt fram, eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 5:**

Eftir því sem næst verður komist var í þeim forsendum sem lágu til grundvallar útreikningi á leiguverði sem bærinn hefur greitt til FH vegna leigu á tímum í Risanum, knatthúsi, á sínum tíma gert ráð fyrir að leigan myndi duga til að greiða rekstrarkostnað vegna knatthússins og afborganir og vexti af lánum sem tekin voru vegna byggingar húsnæðisins, á umsömdum leigutíma.

Með vísan til þessa er óskað eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna þessar upplýsingar. Reynist þær réttar óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar svara meirihlutans á því hvort hann telji réttlætanlegt og hvort það sé í samræmi við gr. 65 í sveitarstjórnarlögum um ábyrga meðferð fjármuna að greiða nú FH (knatthúsum) fullt verð fyrir Risann og þá í reynd fjármagna húsið í annað skipti.

Óskað er eftir að svar við fyrirspurninni verði lagt fram eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 6:**

Með vísan til 65. gr. sveitarstjórnarlaga óska undirritaðir bæjarfulltrúa minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að greina hvernig leigugreiðslum frá bænum vegna Risans hefur verið ráðstafað frá upphafi leigutímans. Í því sambandi verði gerð ítarleg greining á rekstrarreikningum FH-knatthúsa ehf. frá upphafi.

Óskað er eftir að greiningin liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 7:**

Í þeim viðræðum sem fram fóru við forsvarsmenn FH á síðasta kjörtímabili varðandi knatthús kom fram að umtalsverðar skuldir hvíla á knatthúsunum sem nú er gert ráð fyrir að kaupa og greiða fyrir að fullu.

Með vísan til þess óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir nákvæmum upplýsingum um hversu háar þessar skuldir eru samtals og hvernig FH hyggst standa undir greiðslu afborgana og vaxta vegna þeirra. Jafnframt er óskað svara við því hvort gert sé ráð fyrir að bærinn leigi tíma af FH í nýja húsinu. Ef svo er, hvað er gert ráð fyrir að greitt verði mikið fyrir þá tíma?

Óskað er eftir að upplýsingarnar verði lagðar fram eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 8:**

Á undanförnum árum hefur FH tekið að sér ýmsar framkvæmdir á athafnarsvæði FH fyrir hönd bæjarins. Um er að ræða m.a. flýtiframkvæmdasamning, greiðslu á sl. ári vegna efnistöku af stæði væntanlegs knatthúss ofl. Fyrir þetta hefur bærinn greitt að fullu til FH. Mikilvægt er að áður en gengið verður til frekari samninga við FH liggi fyrir hvort félagið hafi gert upp að fullu við þá verktaka sem unnið hafa vegna framangreinda verka.

Með vísan til þessa óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna að engar skuldir séu vegna þessara framkvæmda.

**Fyrirspurn 9:**

Þar sem engin gögn lágu fyrir fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þar sem ákvörðun um breytt áform varðandi byggingu knatthúss í Kaplakrika var tekin óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir verðmati (og ástandsmati?) á íþróttamannvirkjum í Kaplakrika þeim er um ræðir í rammasamkomulaginu og til stendur að bærinn kaupi.

Svör við fyrirspurninni liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 10:**

Á fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þar sem ákvörðun var tekin um breytt áform varðandi byggingu knatthúss í Kaplakrika kom fram að niðurstaða í útboði vegna framkvæmdanna hafi verið kærð og kæruferli sé í gangi. Undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar óska eftir upplýsingum um stöðu bæjarins og framkvæmda í Kaplakrika gagnvart þeirri kæru og hvort heimilt sé að fara í innkaupaferli vegna knatthússins áður en kærumálið er útkljáð.

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 11:**

Vegna yfirlýsinga bæjarstjóra í Morgunblaðinu laugardaginn 11. ágúst sl. óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar skýringa á ummælum bæjarstjóra þar sem hún segir það tilviljun að þetta mál væri tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þegar til hans var einmitt boðað sérstaklega vegna málsins.

Óskað er eftir að svör við fyrirspurninni liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

**Fyrirspurn 12:**

Í ljósi þess hversu skyndilega boðað var til fundar bæjarráðs hinn 8. ágúst sl. með minnsta löglega fyrirvara á grundvelli þess að flýta þyrfti málinu óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir gögnum sem varpað geta ljósi á hina óvæntu framvindu í málinu sem kallaði á slíka flýtimeðferð að ekki mátti bíða þess að ná bæjarstjórn saman.

Óskað er eftir að gögn liggi fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Adda María Jóhannsdóttir
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
Jón Ingi Hákonarson
Sigrún Sverrisdóttir

**Rammasamkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar og FH (Fimleikafélags Hafnarfjarðar) um eignaskipti og framkvæmdir við nýtt knatthús í Kaplakrika.**

1. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar sem samþykkt var í bæjarstjórn í desember 2017 er gert ráð fyrir 720 milljónum króna á þremur árum til byggingar knatthúss í Kaplakrika. Verkið var boðið út en tilboð í verkið sem bárust í mars s.l. voru rúmum 300 milljónum króna umfram kostnaðaráætlun. Öllum tilboðum var hafnað þar sem þau rúmuðust ekki innan forsendna í fjárhagsáætlun og voru langt umfram kostnaðaráætlun útboðsins.

   Í stað þess að Hafnarfjarðarkaupstaður byggi, eigi og reki áðurefnt mannvirki hefur verið ákveðið að FH geri það. Með því móti náist hagkvæmni og samlegð við aðrar framkvæmdir við Kaplakrika.

2. Markmið þessa samkomulags er að tryggja að fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum félagsins geti hafist á árinu 2018, og að húsið verði tilbúið á fyrri hluta ársins 2019. Aðilar hafa í því skyni gert samkomulag um sölu og kaup á öðrum mannvirkjum og ráðstöfun andvirðis með eftirfarandi hætti.

3. Hafnarfjarðarkaupstaður mun eignast að fullu eftirtalin íþróttamannvirki í Kaplakrika: íþróttahús **fasteignanr. 207-6777**, 030101, knatthúsin Risann, **fasteignanr. 227-8089 050101** og **Dverginn fasteignanr. 235-4357 100101**. Hafnarfjarðarkaupstaður mun greiða 790 milljónir króna fyirir framangreindar eignir. Endanlegt verðmæti eignanna verður ljóst eftir vinnu Kaplakrikahóps við endanleg eignaskipti á Kaplakrikasvæðinu sbr. 5. tl. samkomulags þessa.

4. FH skuldbindur sig til að byggja knatthús í samræmi við hugmyndir og hönnun félagsins á knatthúsinu fyrir andvirði eignaskiptanna, 790 milljónir króna, sbr. kostnaðaráætlun félagsins. Félagið mun ekki eiga kröfur á Hafnarfjarðarkaupstað vegna knatthússins og skuldbindur sig til að klára framkvæmdir á eigin kostnað og ábyrgð fari kostnaður fram yfir áætlun félagsins.

5. Skipaður verður starfshópur, „Kaplakrikahópur", sem mun leiða til lykta frekari eignaskiptingu og eignarhald í Kaplakrika. Fullnaðarsamningur skal gerður þar um þegar eignaskiptin liggja fyrir. Hópurinn skal skila tillögu að eignaskiptasamningi fyrir 1. október 2018. Hópurinn skal jafnframt hafa fjárhagslegt eftirlit með framkvæmd við byggingu nýs knatthús og gera afnota- og rekstrasamning vegna hússins.

6. Greiðslur Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna eignaskipta verða inntar af hendi samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins og eftir því sem framkvæmdum vindur fram í samráði við Kaplakrikahópinn.

7. Á verktíma og samningstíma samkomulags þessa er FH óheimilt að veðsetja eða selja fasteignir sínar í Kaplakrika. Yfirlýsingu þar um skal þinglýst á fasteignirnar. FH skal afhenda umræddar fasteignir skv. 3. tl. veðbandalausar til bæjarins, sem og aðrar

fasteignir sem koma í hlut bæjarins við lokafrágang eignaskipta í Kaplakrika, sbr. 5. tl. FH skuldbindur sig jafnframt til þess að ganga frá framsali Knatthúsana Dvergs og Risa frá FH knatthúsum ehf (sem er að fullu í eigu FH og knattspyrnudeildar FH) til FH áður en endanlegur eignaskiptasamningur verður frágenginn.

8. Um vanefndir á rammasamkomulaginu gilda almennar reglur og er Hafnarfjarðakaupstað heimilt að rifta því ef ekki verður staðið við skyldur um byggingu knatthúss og/eða hópur samkvæmt 5.tl. kemst ekki að niðurstöðu um eignaskipti o.fl.

Hafnarfirði, ________________ 2018

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

_______________________________

f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar

_______________________________

Samþykkt f.h. FH knatthúsa ehf.,

_______________________________

Bæjarstjórn - 1808

**FUNDARBOÐ**

**1808. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 15. ágúst 2018 og hefst kl. 08:30**

**Dagskrá:**

**Almenn erindi**

1. **1704040 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021**
2. **1612327 - Þjónustusamningur við ÍBH**
3. **1509727 - Íþróttafélög, þjónustusamningur**
4. **1702357 - Reglur um eftirlitsnefnd með fjármálum íþrótta- og æskulýðsfélaga**
5. **1801099 - Kaplakriki, framkvæmdir**
6. **1806224 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2018-2022**

13.08.2018

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

Bæjarráð - 3499

**FUNDARBOÐ**

**3499. fundur bæjarráðs**
**verður haldinn í fundarsal bæjarráðs, Strandgötu 6, 8. ágúst 2018 og hefst kl. 10:00**

**Dagskrá:**

**Almenn erindi**

1. **1801099 - Kaplakriki, framkvæmdir**

   Tillaga fyrir fundinum:

   "Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir eftirfarandi tillögu: Hafnarfjarðarkaupstaður mun ekki byggja, eiga og reka knatthús í Kaplakrika líkt og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. FH mun sjálft ráðast í þær framkvæmdir og bera ábyrgð á óvissu og kostnaðaraukningu ef til kemur við bygginguu hússins. Til að greiða fyrir framkvæmdinni mun Hafnarfjarðakaupstaður gera rammasamkomulag um kaup á mannvirkjun í Kaplakrika að fjárhæð um 790 milljónir króna og verður greiðsla kaupverðsins háð skilyrðum um framgang og framvindu auk hefðbundinna ákvæða um vanefndir og eftirlit með að skilyrðum verði fylgt. Stofnaður verður sameiginlegur starfshópur um framkvæmd samningsins.

   Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir framlagt rammasamkomulag á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Fimleikafélags Hafnarfjarðar."

2. **1805076 - Hamraneslína, bráðabirgðaflutningur**

   Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi mætir til fundarin.s

   1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráð frá 10. júlí s.l. "Tekin til umræðu á ný breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna færslu á háspennulínu við Hamranes.
   Lögð var fram skipulagslýsing dags. 22. maí 2018 og hún samþykkt. Með bréfi skipulagsstofnunar dags. 19.06. 2018 er óskað eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tilkynningu Landsnets um færslu Hamraneslínu 1 og 2.
   Lögð fram drög að umsögn Hafnarfjarðarbæjar dags. 09.07.2018.
   Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirliggjandi umsögn dags. 09.07.2018 vegna tilkynningu Landsnets um bráðabirgðafærslu Hamraneslínu 1 og 2."

   Tillaga að bókun.
   "Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir fyrirliggjandi skipulagslýsingu dags 22. maí 2018 og umsögn Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 9. júlí 2018"

3. **1706321 - Fornubúðir 5, mál nr. 67/2017, kæra**

   Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi mætir til fundarins.

   1 liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 20. júlí 2018: "Með bréfum

dags. 19. júní 2107 og 1. maí 2018 frá Sigurjóni Ingvasyni og Rannveigu Guðlaugsdottur Suðurgötu 70 Hafnarfirði, þá kærðu þau breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fornubúðir 5 og samþykkt byggingaráform á sömu lóð frá 27 mars 2018 til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Deiliskipulagsbreyting lóðarinnar að Fornubúðum 5 var samþykkt í bæjarstjórn þann 27 apríl 2014. Með úrskurði ÚUA þann 12. júlí s.l. var samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Fornubúða 5 felld úr gildi. Jafnframt var samþykkt byggingarfulltrúans í Hafnarfirði frá 27 mars s.l. á umsókn um byggingu skrifstofu- og rannsóknarhúss sem tengist sjávarútvegi felld úr gildi.
Með vísan til úrskurðar ÚUA frá 12 júlí s.l. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram lýsing dags 19.07.2018 í samræmi við 1. mgr. 30 gr. sömu laga, þar sem tekin er saman lýsing á skipulagsverkefninu.
Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagaða skipulagslýsingu."

Tillaga að bókun:
"Bæjarráð í umboði bæjastjórnar samþykkir framlagða skipulagslýsingu."

**4. 1807277 - Bæjar- og tónlistarhátíð, Hjarta Hafnarfjarðar**

Lagt fram erindi frá Bæjarbíói slf um ósk um að nýta útisvæði framan við Bæjarbíó frá fimmtudegi 30. ágúst frá kl. 17:00 til 1. september fram að miðnætti í tilefni að hátíðinni í Hjarta Hafnarfjarðar 2018.

Tillaga að afgreiðslu:
"Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur umhverfis- og skipulagsþjónustu afgreiðslu þess."

07.08.2018

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og bæjarlögmaður

HAFNARFJÖRÐUR

# Leita á vefnum

Leit á vef Hafnarfjarðar | Leita

Þú ert hér Forsíða / Stjórnsýsla / Stjórnsýslan / Fundargerðir

# Fundargerðir

Til baka | Prenta

**Bæjarstjórn - 1785**

**Haldinn í fundarsal bæjarráðs, Strandgötu 6,**
**10.05.2017 og hófst hann kl. 14:00**

**Fundinn sátu:** Rósa Guðbjartsdóttir. Kristinn Andersen. Ólafur Ingi Tómasson. Helga Ingólfsdóttir. Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir. Einar Birkir Einarsson. Margrét Gaua Magnúsdóttir. Adda María Jóhannsdóttir. Elva Dögg Ásud. Kristinsdóttir. Kristín María Thoroddsen. Eyrún Ósk Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Guðríður Guðmundsdóttir

Mættir voru allir aðalbæjarfulltrúar að undanskildum þeim Unni Láru Bryde í hennar stað mætir Kristín María Thoroddsen og Gunnari Axel Axelssyni í hans stað mætir Eyrún Ósk Jónsdóttir.

Auk ofangreindra sat Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri fundinn.

Forseti bæjarstjórnar Guðlaug Kristjánsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Í upphafi fundar bar forseti upp tillögu um að tekið yrði á dagskrá með afbrigðum mál no.1612327, þjónustusamningur við ÍBH. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna.

Áður en lokið var umræðu um lið nr. 12 var liður nr. 13 tekinn til umræðu. Eftir lok umræðu á þeim lið var liður nr. 12 tekinn að nýju til umræðu, sjá fundargerð.

**Dagskrá:**

Almenn erindi

**1. 1406187 - Ráð og nefndir 2014-2018, kosningar**

Lagt er til að í stað Báru Friðriksdóttur komi Jón Grétar Þórsson, Urðarstíg 8, sem varamaður í umhverfis- og framkvæmdaráð.

Samþykkt með 11 greiddum atkvæðum.

Lagt er til að í stað Hafdísar Ingu Hinriksdóttur komi Dagbjört Rún Guðmundsdóttir, Reykjavíkurvegi 30, sem aðalmaður í barnaverndarnefnd og sem varamaður komi Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, Miðvangi 10, 220 Hafnarfirði.

Samþykkt með 11 greiddum atkvæðum.

**2. 1612327 - Þjónustusamningur við ÍBH**

Samstarfssamningur við ÍBH, endurskoðun.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að gengið verði út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð verða með þátttöku sveitarfélagins í framtíðinni. Tillögunni er vísað til útfærslu til íþrótta- og tómstundafulltrúa og ÍTH og undirbúinn nýr samstarfssamningur Hafnarfjarðarbæjar við ÍBH, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar þar sem kveðið verður á um þessa breyttu stefnu bæjarins.

Greinargerð:
Markmið tillögunnar er að gera eignarhald íþróttamannvirkja sem byggð verða í Hafnarfirði í framtíðinni skýrara og gegnsærra. Nú þegar hafa einstök íþróttamannvirki verið byggð að fullu leyti af hálfu bæjarins en önnur samkvæmt 80-20 eða 90-10 reglunum. Það hefur skapað ójafnræði milli félaga og/eða deilda innan íþróttahreyfingarinnar og að oft og tíðum er eignarhaldið óskýrt. Tillagan snýr einungis að framtíðaruppbyggingu þar sem bærinn kemur að málum en brýnt er að viðræður við íþróttafélögin, og vinna við eignaskiptasamninga er lúta að eldri mannvirkjum, haldi áfram.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir.

Fundi frestað kl. 14:15 vegna rafmagnsleysis í fundarsal bæjarstjórnar í Hafnarborg. Fundi fram haldið kl. 15:25 í fundarsal bæjarráðs að Strandgötu 6.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Einar Birkir Einarsson.

Tillagan er samþykkt með 10 greiddum atkvæðum, 1 sat hjá.

**3. 1702336 - HS Veitur hf, aðalfundur 2017**

*Afgreiðslu frestað á fundi bæjarstjórnar 27.apríl sl.*

*6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.apríl sl.*
*Lagt fram bréf frá HS Veitum dags. 23.mars sl.*

*Erindinu er vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson. Bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir kemur upp í andsvar.*

*Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson kemur að dagskrártillögu um að vísa málinu til bæjarráðs. Tillagan felld með 5 atkvæðum gegn 4 og 2 sitja hjá.*

*Bæjarfulltrúi Kristinn Andersen kemur upp í andsvar.*

*Bæjarfulltrúi Elva Dög Ásudóttir Kristinsdóttir tekur til máls.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Einar Birkir Einarsson. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir.*

*Bæjarstjóri Haraldur L. Haraldsson tekur til máls.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson um fundarsköp.*

*1. varaforseti Adda María Jóhannsdóttir tekur við fundarstjórn.*

*Bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir tekur til máls. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson.*

*Forseti Guðlaug Kristjánsdótti tekur við fundarstjórn.*

*Til máls tekur Einar Birkir Einarsson.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir og leggur fram eftirfarandi tillögu að afgreiðslu málsins: "Bæjarstjórn samþykkir erindi HS-veitna um að hlutabréf í fyrirtækinu verði seld með þeim hætti sem þar er kveðið á um. Andvirði af hlut Hafnarfjarðarbæjar komi til niðurgreiðslu skulda bæjarfélagsins."*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson og leggur fram eftirfarandi tillögu um afgreiðslu málsins: "Bæjarstjórn samþykkir að málinu verði vísað til bæjarráðs".*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir.*

*Fundarhlé kl. 20:10.*

*Fundi framhaldið kl. 20:25*

*Fundarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að afgreiðslu málsins: "Afgreiðslu málsins er frestað og það tekið fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar". Tillagan er samþykkt með 8 atkvæðum en 3 sitja hjá.*

Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Einar Birkir Einarsson.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir.

Tillagan er samþykkt með 7 greiddum atkvæðum, 4 sátu hjá.

Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Almennt er álitið mikilvægt að almenningsveitufyrirtæki hafi sterka eiginfjárstöðu og séu í stakk búin að takast á við bæði ófyrirsjánleg áföll og nauðsynlegar framkvæmdir og uppbyggingu innviða. Fyrir liggur að HS veitur muni ráðast í umtalsverðar fjárfestingar á þessu ári og er fyrirhuguð lánataka vegna þeirra áætluð um 2,5 milljarðar króna. Það skýtur því óneitanlega skökku við að á sama tíma leggi eigendur fyrirtækisins til að greiða sjálfum sér arð upp á mörg hundruð milljónir króna í formi kaupa á eigin hlutabréfum.

**Minnisblað v kaupa HSV á hlutabréfum_10_05_17.pdf**

**HS Veitur, aðalfundur, hluthafar, tilboð (undirritað eintak)**

**4. 1701231 - Framhaldsskólar, skólanefndir, tilnefning**

*Tilnefna tvo aðalfulltrúa og tvo til vara í skólanefnd Flensborgarskóla, sbr. 6. tl. B. liðar 39. gr. samþykkta um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.*

Af hálfu meirihluta í bæjarstjórn, Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar, er lagt til að Albert Már Steingrímsson og Sunna Magnúsdóttir verði tilnefnd í skólanefnd Flensborgarskóla og af hálfu minnihluta í bæjarstjórn, Samfylkingar og Vinstri grænna er lagt til að Ingvar Viktorsson og Anna Kristín Jóhannesdóttir verði tilnefnd í skólanefnd Flensborgarskóla.

Framkomnar tilnefningar eru samþykktar með 11 samhljóða atkvæðum.

**Framhaldsskólar, skólanefndir, Flensborgarskóli tilnefning**

**5. 1705086 - Flensborg, fjárhagsstaða framhaldsskóla**

Lögð fram eftirfarandi tillaga að ályktun bæjarstjórnar:

Flensborgarskólinn hefur lagt áherslu á að þjónusta breiðan hóp nemenda og ljóst er að fjárveitingar til skólans eru ekki í samræmi við það þjónustustig sem þar er veitt. Flensborgarskólinn er mikilvægur hlekkur í nærsamfélagi Hafnarfjarðar enda þjónustar hann fyrst og fremst hafnfirsk ungmenni. Það er því mikilvægt fyrir hafnfirskt samfélag að standa vörð um það góða starf sem unnið hefur verið í skólanum og tryggja áfram gott þjónustustig og fjölbreytt námsframboð. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á stjórnvöld að sá sparnaður sem til verður vegna styttingar á námstíma til stúdentsprófs verði nýttur eins og lofað var til að efla framhaldsskólakerfið og bæta rekstrarstöðu þess.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir.

Framlögð ályktun samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum.

**Umsögn SIS fjármálaáætlun 2017.pdf**

**Yfirlýsing skólameistara og ályktun Kennarafélags Flensborgarskóla**

**Stjórn foreldraráðs Flensborgarskólans ályktar.pdf**

**6. 1701116 - Kirkjuvellir 1, Ástjarnarkirkja, safnaðarheimili, fjármögnun og útleiga**

*4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 4.maí sl.*
*Lagður fram leigusamningur til afgreiðslu.*

*Fulltrúar Samfylkingar og VG leggja fram svohljóðandi tillögu:*

*"Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna óska eftir að leigusamningurinn sem hér um ræðir verði sendur til umsagnar Umhverfis- og framkvæmdarráðs og í senn verði gerð úttekt á húsnæðisþörf fyrir félagstengda starfsemi á Völlunum og kannað hvort ekki sé hægt að nýta það húsnæði sem fyrir er t.d á Ásvöllum, Hraunvallaskóla og Ásvallalaug betur til þessa verkefna."*

*Tillagan er felld með 3 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Bjartrar Framtíðar.*

*Bæjarráð samþykkir framlagðan leigusamning með 3 atkvæðum og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.*

*Fulltrúar Samfylkingar og VG leggja fram svohljóðandi bókun:*

*"Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna telja að ekki hafi verið sýnt fram á þörf bæjarins fyrir húsnæði af þessu tagi, á þessu svæði, til svo langs tíma. Teljum við að eðlilegra væri, ef áhugi er fyrir hendi að styrkja verkefnið, að það sé gert með gagnsæjum hætti en sá leigusamningur sem hér liggur fyrir er mjög ógagnsær.*
*Það skýtur skökku við að taka húsnæði til leigu á svæði þar sem nóg er framboð af svipuðu húsnæði á svæðinu til félagstengdrar starfsemi og ekki sé gætt jafnræðis félagasamtaka á svæðinu. Einnig er það yfirlýst stefna meirihlutans að draga úr húsnæðiskostnaði bæjarsjóðs og selja eignir bæjarins en á sama tíma er verið að leigja hér húsnæði til 5 ára, fyrir 30 milljónir, í óskilgreinda starfsemi"*

Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Eyrún Ósk Jónsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Fundarhlé gert kl. 16:15.
Fundi fram haldið kl. 16:20.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Helga Ingólfsdóttir. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Margrét Gauja Magnúsdóttir. Bæjarfulltrúi Helga Ingólfsdóttir svarar andsvari. Til andsvars öðru sinni kemur bæjarfulltrúi Margrét Gauja Magnúsdóttir. Bæjarfulltrúi Helga Ingólfsdóttir svarar andsvari öðru sinni. Bæjarfulltrúi Margréti Gauja Magnúsdóttir gerir stutta athugasemd.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir. Bæjarfulltrúi Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir svarar andsvari. Til andsvars öðru sinni kemur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir. Bæjarfulltrúi Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir svarar andsvari öðru sinni.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir.

Til máls tekur öðru sinni bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir. Bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir svarar andsvari.

Forseti Guðlaug Kristjánsdóttir víkur frá kl. 16:37
2. varaforseti Kristinn Andersen tekur við fundarstjórn.

Bæjarfulltrúi Margrét Gauja Magnúsdóttir tekur til máls.

Fyrirliggjandi leigusamningur er samþykktur með 5 greiddum atkvæðum, 4 greiða atkvæði á móti, 1 situr hjá.

Bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir gerir grein fyrir atkvæði sínu.

Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna telja að ekki hafi verið sýnt fram á þörf bæjarins fyrir húsnæði af þessu tagi, á þessu svæði, til svo langs tíma. Teljum við að eðlilegra væri, ef áhugi er fyrir hendi að styrkja verkefnið, að það sé gert með gagnsæjum hætti en sá leigusamningur sem hér liggur fyrir er mjög ógagnsær. Það skýtur skökku við að taka húsnæði til leigu á svæði þar sem nóg er framboð af svipuðu húsnæði á svæðinu til félagstengdrar starfsemi og ekki sé gætt jafnræðis félagasamtaka á svæðinu. Einnig er það yfirlýst stefna meirihlutans að draga úr húsnæðiskostnaði bæjarsjóðs og selja eignir bæjarins en á sama tíma er verið að leigja hér húsnæði til 5 ára, fyrir 30 milljónir, í óskilgreinda starfsemi. Þá vekur það furðu að að hér sé verið að leggja fyrir og samþykkja samning sem tekur gildi eftir meira en ár.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikil uppbygging er á Völlunum og gera áætlanir ráð fyrir að íbúafjöldi hverfisins verði samtals um 6.500 þegar Vellir og Skarðshlíð verða fullbyggð. Staðsetning safnaðarheimilis Ástjarnarkirkju er mjög góð með tilliti til þjónustu við íbúa hverfisins og eins og yfirferð sviðstjóra sýnir í meðfylgjandi minnisblaði mun framlagður leigusamningur sem hér er samþykktur gefa tækifæri til að bregðast við aukinni þjónustuþörf sem fylgir fjölgun íbúa í hverfinu. Meðal annars til að leysa húsnæðisvanda frístundaheimila á svæðinu, starfrækja útibú Tónlistarskólans og efla félagsstarf stækkandi hóps eldri borgara í bænum.

**Drög leigusamningur Ástjarnarkirkja 2018 til 2023.pdf**

**minnisblað 02052017.pdf**

**7. 1606445 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2017 og 2018-2020.**

*6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 4.maí sl.*
*Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun og vísar til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

Til máls tekur bæjarstjóri Haraldur L. Haraldsson.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirliggjandi viðauka við fjárhagsáætlun með 10 greiddum atkvæðum.

**Viðauki II_04_05_2017.pdf**

**8. 1601218 - Opnunartími sundlauga**

*Bæjarstjórn vísaði liðnum til bæjarráðs á fundi sínum 27.apríl sl.*

*5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 4.maí sl.*
*8.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 7.apríl sl.*
*Á fundi ÍTH þann 29. mars var vísað til fræðsluráðs tillögum nefndarinnar um aukna opnun sundstaða Hafnarfjarðar.*

*Fræðsluráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkt verði að auka opnunartíma í sundlaugum Hafnarfjarðar. Farið verði að tillögum ÍTH sem fela í sér annars vegar að opið verði á svokölluðum „Rauðum dögum", þe. á tilteknum hátíðisdögum í kringum páska, jól ofl. og hins vegar sumaropnun í Suðurbæjarlaug, þe. að sundlaugin verði opin lengur á kvöldin í tvo mánuði í sumar frá því sem verið hefur hingað til. Aukið aðgengi að sundlaugum er á meðal þess sem lögð er áhersla á í nýlegri Heilsustefnu Hafnarfjarðar og aðgerðaráætlun hennar. Kostnaður við þessa auknu þjónustu nemur um 3.500.000 kr á fjárhagsárinu 2017 og er lagt til að honum verði mætt með auknum tekjum af fasteignagjöldum umfram áætlun. Bæjarráð leggi til viðauka skv. þessari tillögu. Frekari útfærslur á auknu aðgengi að sundlaugum bæjarins verði teknar til skoðunar í fjárhagsáætlunargerð 2018.*

*Bæjarstjórn samþykkir með 11 samhljóða atkvæðum fyrirlagða tillögu um að auka opnunartíma í sundlaugum Hafnarfjarðar.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson. Bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir svarar andsvari. Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson kemur upp í umræðu um fundarsköp.*

*Til máls tekur bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson.*

*Bæjarstjórn samþykkir að vísa málinu til bæjarráðs með 11 greiddum atkvæðum.*

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu og vísar til bæjarstjórnar til afgreiðslu.*

Tillaga um breyttan opnunartíma sundlauga samþykkt með 10 greiddum atkvæðum.

**9. 1704448 - Hesthúsalóðir, úthlutun**

*9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 4.maí sl.*
*Lagðir fram úthlutunarskilmálar til afgreiðslu*

*Rósa Guðbjartsdóttir vék af fundi kl. 10:25.*

*Afgreiðslu úthlutnarskilmála og lóðarleigusamnings er frestað til næsta fundar ráðsins. Leitað verður eftir umsögn Hestamannafélagsins Sörla.*
